**<u>SORPHIRÐA Í ÞINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ 2020</u>**

**1. gr.**
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

**2. gr.**
Gjaldið er sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| Íbúðir: | 53.303 - kr. |
| Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun: | 23.175 - kr. |

Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu og þeirra. Gjalddagar eru átta: 1. feb., 1. mars,1 .apríl, 1. maí, 1. júní ,1. júlí, 1.ágúst og 1. september.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4m3 af úrgangi), 9.831 - kr. Eitt klippikort er innifalið í árlegu sorpgjaldi á hverja fasteign í sveitarfélaginu.

**3. gr.**
Á gámavelli er innheimt eftirfarandi gjald vegna móttöku sorps frá fyrirtækjum og öðrum en klippikorthöfum:

- Áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg. eða 1,5 m3 skal greiða móttöku- og flutningsgjald 4.620 kr. og í urðunargjald 5.212 kr. eða samtals 9.831 kr.
- Fyrir hvert kíló umfram 100 kg. greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald 46 kr. og 52 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m3 umfram 1,5 m3 bætist við 4.017 kr. fyrir móttöku- og flutningsgjald og 5.212 kr. í urðunargjald.
- Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, heyrúlluplast, ýmis spilliefni úrelt ökutæki.

**4. gr.**
Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar 5.12.2019 og öðlast gildi við birtingu og kemur til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2020. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit.

*Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 13.12.2019.*
Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2020.